

REGLUGERÐ um Hitaveitu Eyra.

1. gr.

Stofnun og stjórn.

Eyrarbakkahreppur og Stokkseyrarhreppur eiga og reka saman fyrirtæki, sem nefnist Hitaveita Eyra, hér eftir nefnd hitaveitan.

Hitaveitan er stofnuð með samningi milli aðila frá 13. janúar 1980, þar sem kveðið er á um stjórn hennar og skipulag.

Hitaveitan er sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Lögheimili hitaveitunnar og varnarþing er í Árnessýslu.

Stjórn hitaveitunnar ræður umsjónarmann sem annast daglegan rekstur hitaveitunnar.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um allt veitusvæði hitaveitunnar.

Veitusvæði hitaveitunnar eru Eyrabakka- og Stokkseyrarhreppur eins og veitukerfi hitaveitunnar nær til.

3. gr.

Bókhald og fjárreiður.

Skrifstofa hitaveitunnar annast bókhald og fjárreiður hennar og sér um innheimtu hitaveitugjalda.

4. gr.

Verkefni hitaveitunnar.

Verkefni hitaveitunnar er að virkja jarðhita og aðra orkugjafa, eða afla með öðru móti orku til húshitunar og annarra nota á Eyrabakka og Stokkseyri.

Ennfremur er hitaveitunni ætlað að leggja aðveituæðar frá virkjunarstöðum, leggja dreifikerfi um byggðir hreppanna eftir því sem hagkvæmt þykir og annast sölu á heitu vatni til notenda.

5 gr.

Hitaveitugjöld.

Til þess að standa straum af kostnaði við hitaveituna innheimtir hún hitaveitugjöld svo sem orkugjald og heimæðagjald samkvæmt nánari ákvæðum í gjaldskrá. Stefnt skal að því að tekjur skv. gjaldskrá standi undir reksturskostnaði og fjármagnskostnaði hitaveitunnar. Gjaldldagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld, en henni ber að tilkynna fyrirætlun um lokun með 5 daga fyrirvara.

Kostnað af opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur, samkvæmt gjaldskrá. Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

6. gr.

Einkaleyfi hitaveitunnar.

Hitaveitan hefur einkaleyfi til reksturs hitaveitu og dreifingar og sölu á heitu vatni á veitusvæði sínu sbr. 2. gr.

7. gr.

Lagnir veitukerfis.

Hitaveitan áttar og byggir lagnir og gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Lagnir innanhúss að

8. gr.

Kvöð um tengingu við hitaveitu.

Þeim sem húseign á við götu eða veg innan veitusvæðis hitaveitunnar þar sem vatnsæð hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitunarkerfi og lagnir fyrir heitt kranavatn við hitaveituæðina. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði. Á öllum húskerfum tengdum hitaveitu skulu vera einstreymislokar og öryggisbúnaður skv. fyrirmælum hitaveitunnar.

9. gr.

Eignarréttur hitaveitu og viðhaldsskylda.

Hitaveitan hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á aðveituæðum, stofnæðum, dreifiæðum og götuæðum veitunnar svo og heimæðum og lögnum innanhúss að og með mælagrindum, ásamt tilheyrandi búnaði, er tengja vatnskerfi hússins við veituna, og telst dreifikerfið ná þangað. Tengingu vatnshitunarkerfi húss við mælagrind svo og nauðsynlegar breytingar á innanhússlögnum og hitunarkerfi húss vegna tengingar við hitaveituna skal húseigandi annast og kosta.

10. gr.

Ábyrgð og skyldur hitaveitunnar.

Hitaveitunni er skylt að haga starfsemi sinni þannig að sem best verði tryggður eðlilegur og truflanalaus rekstur eftir því sem aðstæður leyfa.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða á veitunni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða og annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar.

Hitaveitan er ekki skuldbundin gagnvart húseiganda til þess að tryggja að þrýstingur í vatnsæðum sé ávallt nægilegur. Stöðvun á rekstri veitunnar eða hluta hennar vegna viðhalds eða tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er og koma á eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem verða má.

11. gr.

Afnot varmaorku.

Varmi sá, sem hitaveitan lætur í té, er ætlaður til upphitunar húsa og almennra heimilisnota.

Óheimilt er með öllu að tengja annað en neysluvatnslögn við greiningu þá á mælagrind sem til þess er ætluð.

Nú kemur fram ósk um að nota heita vatnið til annarra þarfa en greinir í 1. mgr. og þarf þá til þess heimild hitaveitunnar, sem hún getur bundið nánari skilyrðum og fyrirmælum hverju sinni.

12. gr.

Afrennslisvatn frá húskerfum.

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn, sem runnið hefur gegnum hitunarkerfi húss. Húsráðendum er heimilt að nota afrennslisvatnið til upphitunar á gróðurhúsum, bílastæðum, gangstígum o. s. frv. en skulu skila afrennslisvatninu aftur ef hitaveitan þarf á því að halda. Skal húsráðandi annast og kosta að leiða afrennslisvatnið í frárennsli hússins. Óheimilt er að leiða það þangað heitara en 40°C.

Ef húseigendur nota hitaveituvatn til hitunar bílastæða, gangstíga o. s. frv. og hitunarkerfin eru beint tengd veitunni, þá getur hitaveitan krafist þess, að þessi kerfi séu þrýstiprófuð við þann hita sem gert er ráð fyrir að notaður verði.

13. gr.

Uppdrættir og réttur til að annast hitalagnir og gerð uppdrátta.

Uppdráttur skal gerður í samræmi við lög og reglur um byggingamál. Samþykktur uppdráttur skal ávallt liggja fyrir áður en bygging húss er hafin. Ef umsjónarmaður hitaveitu telur ástæðu til, getur hann krafist þess að útreikningur verði lagður fram.

Rétt til að hanna hitalagnir og gera af þeim uppdrætti eða annast hitalagnir hafa þeir einir, er til þess hafa menntun og réttindi eins og almennt er krafist.

14. gr.

Tenging við hitaveituna.

Áður en hitunarkerfi húss eða lagnir fyrir heitt kranavatn eru tengdar hitaveitukerfinu skal liggja fyrir uppdráttur samþykktur af hitaveitunni og gildir það jafnt um þegar gerðar lagnir, sem nýlagnir og viðbætur við eða breytingar á eldri lögnum.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum hitunarkerfum þá getur hitaveitan krafist þess að þeir séu þegar gerðir, eftir því sem nauðsynlegt er, og ber húseigandi allan kostnað af því. Húseigandi skal heimila að leggja heimæð eða sameiginlega heimæð um lóð og sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg kjallara eða 1. hæðar ef hús er kjallaralaust, ásamt nauðsynlegu rými fyrir mælagrind og annað tilheyrandi tengingu við veituna. Þar skal vera niðurfall í gólf og skal sá staður ætíð vera aðgengilegur starfsmönnum hitaveitu.

Ef inntak hitaveitu og mælagrind eru ekki í sama herbergi skal lagn þar á milli vera óhulin eða í stökk, sem auðvelt er að opna. Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar nema að fengnu leyfi hitaveitunnar.

15. gr.

Eftirlit.

Hitaveitan skal hafa eftirlit með því að nýlagnir, breytingar á eldri lögnum og tenging húskerfa við hitaveitu sé í samræmi við reglugerð þessa, samþykktu uppdrætti, reglugerð um hitalagnir og aðrar reglur og lög er gilda um byggingamál.

Áliti eftirlitsmaður að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, ákvæðum reglugerðar um hitalagnir, eða öðrum reglum er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið þar til bætt hefur verið úr því sem áfátt kann að vera.

16. gr.

Mælar.

Hitaveitan ákveður stærð og gerð mæla, sem nota skal, og lætur setja þá á inntakspípur húsa, sem tengd eru kerfi veitunnar og innsigla þá. Mælar þessir eru í eigu og umsjá hitaveitunnar.

Ef maður rýfur innsigli mælis eða breytir rennsli um hann, varðar það refsingu skv. almennum hegningarlögum.

Notandi mælis er sá, sem skráður er fyrir vatnsnotkun þess hitakerfis, sem mælirinn er fyrir. Uppsögn eða flutning skal tilkynna hitaveitunni með hálf mánaðar fyrirvara.

Ef notandi óskar að mælir sé leiðréttur, skal hann senda skriflega beiðni til hitaveitunnar. Ef þá kemur í ljós við athugun að mesta skekkja sé innan við 5%, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkjan meiri skal hitaveitan bera kostnað við prófunina og lækka reikning notanda, í samræmi við niðurstöðu hennar, ef notandi fékk minna vatn, en um var samið, þó ekki fyrir lengra tímabil en 4 mánuði, nema sannað sé að skekkjan hafi verið í lengri tíma.

Öll þau sömu ákvæði og hér eru talin um mæla, skulu gilda jafnt um hemla, ef selt er samkvæmt hemilstaxta.

Starfsmenn hitaveitu skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að pípulögnum bæði innan húss og utan. Húsráðanda er skylt að láta þeim í té þær upplýsingar, sem máli geta skipt um hitun hússins og heitt kranavatn.

17. gr.

Skyldur húseiganda og ábyrgð.

Húseiganda er skylt að hlíta þeim reglum og fyrirmælum sem hitaveitan setur, um gerð og búnað neysluvatnslagna og hitunarkerfis hússins.

Húsráðandi ber ábyrgð á þeim búnaði og lögnum innanhúss, sem eru í eigu og umsjá hitaveitunnar. Húsráðanda ber að tilkynna tafarlaust til hitaveitunnar, er vart verður bilunar á búnaði og tækjum, og skal hann hlíta fyrirmælum um viðgerð á bilunum og gera ráðstafanir til varnar misnotkun á hitaveituvatninu.

Nú verða tæki eða annar búnaður fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðgerð eða endurnýjun.

18. gr.

Viðurlög við brotum.

Broð á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngrri refsing liggji við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Nu vanrækir maður að láta vinna verk, sem hitaveitan hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðeigandi hátt, og er þá hitaveitunni heimilt að láta vinna það sem þörf krefur á kostnað eiganda. Kostnaðinn má innheimta hjá eiganda með lögtaki ef þörf krefur.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Eyra er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Lönaðarráðuneytið, 1. október 1981.

Hjörleifur Guttormsson.

Páll Flygenring.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.